

REGLUGERÐ**um fasteignaskatt í Stafholtstungnahreppi.**

Fasteignaskatt í Stafholtstungnahreppi skal innheimta með 200% álagi eins og hann er ákveðinn í 3. gr. laga nr. 51 10. júní 1964.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51 10. júní 1964, 5. gr. sbr. 3. gr., til þess að öðlast þegar í stað gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 10. september 1965.

Magnús Jónsson.

Hjálmar Vilhjálmsson.

13. september 1965.

Nr. 172.

AUGLÝSING**um ýmsar ráðstafanir til öryggis við siglingar.****I. Um ís, skipsflök og annað, sem siglingahætta getur stafað af.****1. gr.**

Sérhver skipstjóri á skipi, sem fengið hefur tilkynningu um ís, sem er á reki og hættulegur getur orðið skipinu á siglingaleið þess, skal láta skipið fara með hægrri ferð meðan dimmt er af nóttu, eða breyta um siglingaleið, svo að skipið fari algerlega utan við hættusvæðið.

2. gr.

Sérhver skipstjóri á íslenzku skipi, sem verður var við ís eða skipsflök eða sérhverja aðra siglingahættu (þar á meðal galla á vitum og siglingamerkjum) eða hitabeltisstorm eða hitastig í sambandi við kul, sem veldur mikilli yfirisingu eða vindhraða, sem nemur 10 Beaufortsstigum eða meiru og ekki hefur verið varað við, skal strax með öllum tiltækum ráðum tilkynna það nálægum skipum svo og hlutaðeigandi yfirvöldum á næsta stað í landi, sem til næst.

3. gr.

Tilkynningar þær, sem um ræðir í 2. gr., skulu sendar á mæltu máli (helzt ensku) eða þá með því að nota alþjóðamerkjakerfið.

Þegar tilkynningar eru sendar sem loftskæti, skulu þær sendar til allra nálægra skipa og fyrstu landstöðvar, sem til næst, með beiðni um að tilkynningin verði send áfram til réttis hlutaðeigandi yfirvalds. Loftskæti skulu hefjast með öryggismerkinu TTT, en með SECURITÉ þegar talstöð er notuð, síðan skal tilgreint í hverju hættan er fólgin, og skal sending þessara tilkynninga fara fram eins og greinir í meðfylgjandi viðauka.

4. gr.

Loftskæytastöðvar á Íslandi, sem meðtekið hafa frá skipi úti á rúmsjó tilkynningu um siglingahættu, er taldar eru í 2. og 3. gr., skulu senda hana, án kostnaðar fyrir skipið, símleiðis til veðurstofunnar í Reykjavík, ef um ís- eða stormfrétt er